



5.fundur Epsilondeildar DKG haldinn að Sólheimum í Grímsnesi fimmtudaginn 9. mars 2023 kl 17:30

1. Guðríður Egilsdóttir, formaður, bauð systur velkomnar svo og gesti og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Margrét sá um nafnakall. Nokkrar höfðu boðað forföll en 15 voru mættar og 5 gestir.
3. Guðrún Sigríks, ritari, las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.
4. Fréttir af starfi. Formaður byrjaði á því að minna á landssambandsþingið sem verður í Hveragerði 13.-14. maí. Von er á auglýsingu þar af lútandi og mun þar koma fram hvernig við pöntum gistingu á Hótel Örk. Erna, Vera og Inga sjá um menningarleg atriði á þinginu. Hvatti formaður systur til að fjölmenna á þingið.
Póstur barst frá landssambandsstjórn þar sem minnst er á mikilvægar dagsetningar í starfinu vegna félagsgjalda. Þar kemur fram að búið er að endurhanna heimasíðu DKG þar sem auðveldara er að rata og finna upplýsingar. Þá er líka minnt á alþjóðlegar ráðstefnur hjá DKG í Detroit, Phoenix og Finnlandi. Guðríður upplýsti að hún væri búin að fá salinn í FSU í haust fyrir málþingið sem við ætlum að halda. Það er liður í að vekja athygli á DKG í nærumhverfi okkar. Við þurfum ekki að borga fyrir salinn ef þingið verður seinnipart dags í miðri viku. Erna, Margrét og Ingibjörg þ voru settar í nefnd til að undirbúa þingið.
5. Sigríður Guttormsdóttir kynnti DKG fyrir gestum okkar. DKG var stofnað í Bandaríkjunum 1929. Sigríður las upp markmið samtakanna (sjá fund frá 14. sept 2022). 1975 var fyrsta deildin á Íslandi stofnuð þ.e. Alfadeldin. 13 deildir eru á Íslandi í dag. 1989 var Epsilondeildin stofnuð í Hveragerði. Félagskonur gætu orðið um 350 í vor. Konum, sem starfa að fræðslustörfum, er boðin þátttaka. Landssambandsþing er haldið annað hvert ár þ.e. á oddatölu. Epsilondeild tekur nú í fjórða sinn að sér að sjá um sum atriði á þinginu. Vorþing eru einnig haldin annað hvert ár. Fréttabréf eru gefin út og heimasíður eru virkar. Systur er heimilt að sækja Evrópuþing og heimsþing. Námsstyrkjasjóður er starfræktur og hafa systur nýtt sér hann. Systur hafa fengið spurninguna "hvað færðu út úr því að vera í DKG?" Svörin hafa verið t.d. gleði, fræðslu, vináttu, eflir faglega vitund og eflir tengslanet.
6. Orð til umhugsunar. Bólette sá um þann þátt. Hún minnti á að alþjóðlegur baráttudagur kvenna hefði verið í gær og datt henni í hug að minnast á formæður sínar. Amma hennar kaus að fara í nám en ekki að gifta sig og fá heimamund eins og systur hennar. Hin amman seldi miða í sirkus á kvöldin. Afi sá þá um kvöldmatinn sem var óvenjulegt á þeim tíma. Mamma hennar var kennari og brann fyrir starfið.
7. Happdrætti. Maddý sendi vinning sem var bók sem hún vill að gangi til allra systra. Bólette fékk vinninginn.

8. Formaður sleit fund kl 18:25 og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Eftir fund fengum við fræðslu um Sólheima. Starfsmaður sagði okkur frá Sesseljuhúsi, byggingu þess og óvenjulegri útfærslu á ýmsum hlutum, allt í þágu umhverfis. Húsið var vígt 2002. Eftir það fengum við að sjá kvikmynd um Sesselju og tilurð þess að hún byggði staðinn upp. Þá gengum við yfir í elsta húsið á staðnum en þar var opnuð sýning í september s.l um uppbyggingu og starfsemi Sesselju á Sólheimum. Þá gengum við yfir í Græna hattinn og fengum þar dýrindis grænmetisrétt og súkkulaðitertu.